

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 6. ágúst 2021
UST202107-029/A.Þ.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 - Nýtt íbúðahverfi í Þorlákshöfn

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ölfuss er barst 2. júlí þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna nýs íbúðahverfis í Þorlákshöfn.


Í greinargerð kemur fram að í breytingunni felst að íbúðarsvæði og reitur fyrir samfélagsþjónustu er afmarkað á svæði sem nú er óbyggt svæði. Íbúðarsvæðið er 5,5 ha og áformað er að byggja þar einbýli, parhús, raðhús og fjölbýli með 1-2 hæðum. Á reitnum fyrir samfélagsþjónustu eru áform um að byggja leik- og eða/grunnskóla og aðra starfsemi. Sá reitur er 1.500 m².

Í greinargerð er fjallað um hraunið sem bæjarstæðið stendur á, en það nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Tekið er fram að leitast verði við að vernda þær hraunmyndanir sem eru á svæðinu og hafa verndargildi. Umhverfisstofnun minnir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Rökstyðja þarf allar ákvarðanir er varða rask á svæðum sem njóta sérstakrar verndar og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhugðum mótvægisáðgerðum sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6 mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst,


Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur


Björn Stefánsson
sérfræðingur